

Mál nr. 482/2011**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Árekstur á Bitruhálsi í Reykjavík við gatnamót Bæjarháls hinn 11.10.2011.****Gögn.**

188. Málskot, móttakið 23.11.2011, ásamt fylgigögnum.

189. Bréf Vátryggingafélags Íslands hf., dags. 12.12.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A) var ekið vestur Bæjarháls í átt að gatnamótum Bitruháls. Vegna áreksturs á gatnamótunum sem hindraði akstur áfram vestur Bæjarháls beygði ökumaður A til hægri norður Bitruháls og hugðist taka U-beygju við endann á umferðareyju sem skilur að akreinar í gagnstæðar áttir á Bitruhálsi norðan gatnamótanna. Bar þá að bifreiðina B sem var ekið vestur Bæjarháls og beygt til hægri norður Bitruháls á eftir A. Rakst B aftan á A.

Ökumaður A kvaðst hafa verið nýbúinn að aka inn á Bitruháls og hægt ferð til að taka U-beygjuna, er hann hafi skyndilega fundið högg koma á A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á eftir A og séð áreksturinn á gatnamótunum og því ákveðið að beygja til hægri norður Bitruháls til að komast hjá árekstrinum. Er hann hafi verið nýbúinn að beygja inn á Bitruháls hafi hann séð A kyrrstæða fyrir framan sig. Hann hafi hemlað en ekki tekist að afstýra árekstri. Ökumaður B tók fram að óbrotin miðlína hafi verið á akbrautinni við enda umferðareyjunnar þar sem ökumaður A ætlaði að taka U-beygjuna.

Álit.

B var ekið aftan á A. Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökutæki, sem er ekið á eftir öðru ökutæki, vera svo langt frá því að eigi sé hætt á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni B. Eins og áður getur var óbrotin miðlína við enda umferðareyjunnar þar sem ökumaður A hugðist snúa við. Samkvæmt a. lið 23. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki gefur óbrotin miðlína [hindrunarlína] til kynna að hættulegt sé að aka yfir hana og óheimilt nema brýna nauðsyn beri til. Árekstur hafði orðið á gatnamótum Bæjarháls og Bitruháls sem hindraði óhefta för A og B vestur Bæjarháls beint yfir gatnamótin. Af þessum sökum hugðist ökumaður A taka U-beygju við enda umferðareyjunnar. Að öllu virtu verður ekki talið að áreksturinn megi rekja til aksturslags ökumanns A. Öll sök verður því lögð á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 18. janúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.